

Íbúaráð Vesturbæjar

Ár 2024, mánudagurinn, 27. maí, var haldinn 46. fundur íbúaráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Hagaskóla og hófst kl. 16:08. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Stein Olav Romslo, Magnea Guðrún Gunnarsdóttir, Martin Swift, Halldór Bachmann og Kjartan Magnússon. Einnig sat fundinn eftirfarandi starfsmaður: Hörður Heiðarsson. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 23. apríl 2024, ásamt fylgiskjölum um aðkomu íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun 2025 - 2028. MSS24040187
Samþykkt að fela formanni íbúaráðs Vesturbæjar í samráði við fulltrúa ráðsins að vinna tillögur íbúaráðsins að fjárfestinga- og viðhaldsverkefnum fyrir 31. maí nk.

Íbúaráð Vesturbæjar leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráði Vesturbæjar þykir upplýsingar tengdar fjárfestinga- og viðhaldsáætlun vera óaðgengilegar og illa nothæfar. Þær eru of almennar og það vantar ítarlegar upplýsingar, s.s. skiptingu verkefna milli hverfa. Stærstu kostnaðarliðir eru yfirheiti yfir mörg verkefni þvert á borgarluta og því erfitt fyrir íbúaráðið að meta hvaða verkefni eiga við í Vesturbænum eða í öðrum hverfum, kostnað þeirra og einnig að meta þá hverju væri hægt að fresta eða fella niður.

- Kynningu um flugumferð í Vesturbæ, er frestað. MSS24040046
- Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
- Samþykkt að taka á dagskrá til framlagningar auglýsinga dags. 21. maí 2024, um Borgaraþing þann 8. júní nk. MSS24050127
- Kl. 17.16 vikur Hörður Heiðarsson af fundinum.
- Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS24030095
Samþykkt að veita styrk fyrir verkefnið 17. Júní Hátíð í Vesturbæ, að upphæð kr. 350.000,-
Samþykkt að veita styrk fyrir verkefnið Götusumarhátíð Víðimels að upphæð kr. 85.000,-
Samþykkt að veita styrk fyrir verkefnið Myndlistasýning í Vesturbæjarlaug að upphæð kr. 105.000,-
Samþykkt að veita styrk fyrir verkefnið Sumarsirkus að upphæð kr. 200.000,-
Samþykkt að veita styrk fyrir verkefnið Vinnustofa í blöðrudýragerð að upphæð kr. 90.000,-
Öðrum styrkumsóknum er hafnað.
Þessi liður fundarins er lokaður með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.
- Lögð fram greinargerð dags. 19. apríl 2024 fyrir verkefnið 17. júní í Skerjafirði vegna styrks úr Hverfissjóði Reykjavíkurborgar. MSS23100093
Þessi liður fundarins er lokaður með vísan til 7. gr. samþykktar fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 18:00

Stein Olav Romslo

Halldór Bachmann
Kjartan Magnússon

Martin Swift
Magnea Gunnarsdóttir